

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
101. fundur –24. apríl 2006

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 24. apríl 2006, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. mars 2006.

Samþykkt.

2 Fundargerð 86. starfsmannafundar frá 19. apríl 2006

2.1 Starfsleyfi.

Garðabær

2.1.1 Rjúpnahæð 1, Garðabær - leikskóli.

Lögð fram umsókn Önnu M. Hreinsdóttur, kt. 210558-7999, dags. 03.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Rjúpnahæð 1, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa

2.1.2 Miðhraun 14, Garðabæ - bifreiðasprautun.

Lögð fram umsókn Jakobs Þorsteinssonar, kt. 060944-2109, dags. 11.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðasprautunar að Miðhrauni 14, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.3 Vesturhraun 3, Garðabæ - vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Arnar Þórs Úlfssonar, fh. Álheima ehf., kt. 681205-2330, dags.

06.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæðis að Vesturhrauni 3, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

2.1.4 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - verslun með snyrtivörur og fæðubótarefni.

Lögð fram umsókn Vilborgar Guðjónsen, fh. Lyf og heilsa ehf. kt. 650299-2649, dags.

23.03.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með snyrtivörur, og fæðubótarefni að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.5 Flatahraun 5a, Hafnarfirði - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Hjörleifs Helga Hanssonar, fh. Tannverks ehf. 600197-2669, dags.

23.03.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.6 Flatahraun 21, Hafnarfirði - matsölustaður.

Lögð fram umsókn Árna Björnssonar, fh. Hafur Björn ehf. kt. 630206-0140, dags. 06.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemi er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.7 *Heiðvangur 26, Hafnarfirði - verslun með fæðubótarefni.*

Lögð fram umsókn Sólveigar Jónsdóttur, fh. Gnótt sf., kt. 441285-0439, dags. 04.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fæðubótarefni að Heiðvangi 26, Hafnarfirði.

Viðbót við starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er viðbót við starfsleyfi samþykkt, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með skilyrði um að geymsla á vörum og umbúðum verði innandyra.

2.1.8 *Hjallabraut 33, Hafnarfirði - nuddstofa.*

Lögð fram umsókn Sigríðar Skúladóttur, kt. 130154-7869, dags. 10.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu, að Hjallabraut 33, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.9 *Helluhraun 1, Hafnarfirði - matsölustaður.*

Lögð fram umsókn Óttars Þórarinssonar, fh. Foodco ehf., kt. 660302-2630, dags. 18.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Helluhrauni 1, Hafnarfirði.

Einnig er sótt um leyfi til smásölu á tóbaki. Eigendaskipti.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dagsett 18.04.2006.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða. Tóbakssöluleyfi samþykkt.

2.1.10 *Kapelluhraun, Hafnarfirði - skotípróttafélag.*

Lögð fram að nýju umsókn Ferdinand Hansen, fh. Skotípróttafélag Hafnarfjarðar., kt. 510588-2159, dags. 14.10.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skotípróttafélags að Iðavöllum, Kapelluhrauni, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Fyrir liggur bréf Ferdinands Hansen, formanns Skotípróttafélags Hafnarfjarðar, dags.

15.11.2005.

Mælt með frestun þar sem umbeðin gögn hafa ekki borist.

2.1.11 *Stapahraun 3, Hafnarfirði - meðferð og húðun málma.*

Lögð fram umsókn Sveins Sigurðssonar, fh. Micro ehf., kt. 480396-2789, dags. 24.10.2005, þar sem sótt er um leyfi til meðferðar og húðunar málma að Stapahrauni 3, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 5 ára.

2.1.12 *Strandgata 32, Hafnarfirði - verslun með snyrtivörur.*

Lögð fram umsókn Ástu Sigurðardóttur, kt. 120347-5519, dags. 06.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með snyrtivörur að Strandgötu 32, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.13 *Strandgata 50, Hafnarfirði - leikhús.*

Lögð fram umsókn Hilmars Jónssonar, fh. Háðvarar ehf., kt. 711005-0480, dags. 28.02.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikhúss og til veitingareksturs að Strandgötu 50, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, þegar fyrir liggur að starfsemi er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.1.14 *Bakkabraut 8, Kópavogi - viðgerðarverkstæði.*

Lögð fram að nýju umsókn Auberts Högnasonar, kt. 190448-3049, dags. 27.02.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðarverkstæðis að Bakkabraut 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Frestað þar sem úrbótum á lóð, sbr. eftirlitsskýrslu frá 27. febrúar s.l., er ekki lokið. Heilbrigðisnefnd leggur fyrir umráðamann lóðar að sjá til þess að lóðin verði tafarlaust hreinsuð.

2.1.15 Hlíðarvegur 30, Kópavogi - daggæsla fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Herdísar Arnþórsdóttur, kt. 251064-2969, dags. 05.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Hlíðarvegi 30, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Hlíðasmári 17, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Sævars Péturssonar, fh., Kuta ehf., kt. 621297-2799 dags. 10.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Ný starfsemi. Í starfsleyfisumsókn Kuta ehf., kemur fram að á stofunni vinna þrjú tannlæknar en án frekari skilgreiningar á ábyrgð hvers og eins. Frestað og óskað eftir að umsóknin verði skýrð nánar varðandi rekstraraðila.

2.1.17 Kópavogsbraut 5-7, Kópavogi - mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, vinnustofu, pökkun á matvælum og kennslu.

Lögð fram umsókn Þorbjörns Jenssonar, fh. Fjölsmiðjunnar., kt. 660601-2790, dags. 15.02.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mötuneytis með fullbúnu eldhúsi, vinnustofu, pökkun á matvælum og kennslu. Endurnýjun. Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.18 Kópavogsbraut 115, Kópavogi - söluturn með óvarin matvæli.

Lögð fram umsókn Ragnars Kristinssonar, fh. Atlantsolíu ehf., kt. 590602-3610, dags. 31.03.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með óvarin matvæli að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Eigendaskipti og viðbót við starfsleyfi við bensinstöð. Einnig er sótt um leyfi til smásölu á tóbaki. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða með samþykkt viðbótar leyfi við fyrra starfsleyfi sem gildir til 09.09.2010, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða. Tóbakssöluleyfi staðfest.

2.1.19 Nýbýlavegur 20, Kópavogi - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Teits Minh Phudoc, fh. Kínahofsins ehf., kt. 420787-1549, dags. 18.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Nýbýlavegi 20, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.20 Rjúpnasalir 1, Kópavogi - veitingaverslun.

Lögð fram umsókn Baldurs Baldurssonar, fh. Pizza Pizza ehf., kt. 680795-2589, dags. 10.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.21 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - bakarí með kaffisölu.

Lögð fram umsókn Harðar Kristjánssonar, fh. Harðar Kristjánssonar ehf., kt. 430789-2019, dags. 30.03.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís með kaffisölu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.2 Umsagnir

Garðabær

2.2.1 Skólabraut, Garðabær - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 29.03.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Steinars Nesheim, fyrir hönd Basecamp ehf. kt. 490103-2440 um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið Mýrina við Skólabraut, Garðabæ, kt. 570169-6109, en þar er fyrirhugað er að halda söngvakeppni framhaldskóla, 08.04.2006.
Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

2.2.2 Ásvellir, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 24.03.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna Hafsteins Geirssonar um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir samkomusalinn í íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum, Hafnarfirði, kt. 600169-0419.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.3 Ásvellir, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 24.03.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna Hafsteins Geirssonar, um veitingaleyfi, fyrir hönd knattspyrnudeildar Hauka, kt. 600169-0419, vegna afmælishátíðar sem fyrirhugað er að halda í íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum, Hafnarfirði, 12.04.2006.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.4 Hjallahraun 15, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 30.03.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristínar Helgadóttur um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir KFC ehf., Hjallahrauni 15, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.5 Hólshraun 3, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 07.04.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Birgis Arnar Birgissonar um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir Skútuna, Hólshrauni 3, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.6 Steinholt 1, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 07.04.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ágústs Húbertssonar um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir Golfklúbbinn Keili, kt. 680169-6919, Steinholti 1, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.7 Strandgata 50, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 10.02.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Erlings Jóhannessonar, um veitingaleyfi fyrir Hafnarfjarðarleikhúsið, Strandgötu 50, Hafnarfirði.
Rekstraraðili er Háðvör ehf., kr. 711005-0480.
Jákvæð umsögn samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.2.8 Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 11.04.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóns Ó. Guðmundssonar, um veitingaleyfi fyrir Kænuna Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.
Rekstraraðili er Fákar og fólk ehf.

Afgreiðslu erindisins vísað til heilbrigðiseftirlitsins að lokinni úttekt.

Kópavogur

2.2.9 Engihjalli 8, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 29.03.2006, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Margrétar Ólafsdóttur, kt 160868-3849, sem sækir um leyfi til áfengisveitinga í veitingastaðnum Big Papas pizza, Engihjalla 8, Kópavogi.

Jákvæð umsögn með tilliti til svipmóts staðfest

2.2.10 Kríunes, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 28.03.2006, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Björns Inga Stefánssonar, kt. 060455-2449, á almennum áfengisveitingum í Kríunesi við Vatnsenda, Kópavogi.

Afgreiðslu erindisins vísað til heilbrigðiseftirlitsins að lokinni úttekt.

2.2.11 Nýbýlavegur 20, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags.30.03.2006, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Teits Minh Phuoc, kt. 290660-7349, á almennum áfengisveitingum í Kínahofinu, Nýbýlavegi 20, Kópavogi.

Jákvæð umsögn með tilliti til svipmóts samþykkt.

2.2.12 Rjúpnasalir 1, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 05.04.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Baldurs Baldurssonar, fh. Pizza-Pizza ehf., kt. 680795-2589, til að reka veitingastofuna Dominos Pizza að Rjúpnasölum 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt.

2.3 Annað

2.3.1 Ársskýrsla 2005

Lögð fram ársskýrsla Umhverfisstofnunar fyrir árið 2005. , www.ust.is

2.3.2 Örveruástand osta.

Lagt fram eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2006 um örverufræðilegt ástand osta.

Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is

2.3.3 Upplýsingarit fyrir bátaeigendur.

Lagt fram til kynningar upplýsingarit Norrænu ráðherranefndarinnar. Báturinn – hrein ánægja.

2.3.4 Merkingar á matvælum

Lagt fram til kynningar upplýsingablað Umhverfisstofnunar nr. 12. Nýjar reglur um merkingu matvæla.

2.3.5 Upplýsingablað Umhverfisstofnunar nr. 13.

Lagt fram til kynningar upplýsingablað Umhverfisstofnunar nr. 13. Varnarefni.

3 Krafa um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi Paintball ehf.

Lagt fram erindi Ármanns Fr. Ármannssonar lögfr. f.h. Ragnars Aðalsteinssonar hrl., dags. 20. febrúar 2006, þar sem gerð er krafa um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi Paintball ehf. að Litlabæ í landi Óttarstaða, Hafnarfirði, vegna alvarlegra annmarka á framkvæmd og skaðlegar áhrifa starfseminnar.

Lagt fram erindi Hilmars Magnússonar hrl. hjá Lögskil ehf. f.h. Paintball ehf., dags. 30. mars 2006 þar sem andmælt er framkominni kröfu um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi.

Heilbrigðiseftirlitinu falið að kanna þá þætti sem fundið er að fyrir næsta reglulegan fund nefndarinnar og kynna aðilum þau gögn er málið varðar.

4 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005 – 2025

Lögð fram auglýsing um tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025. Til umfjöllunar var greinargerð sem tekur til þéttbýlis í Hafnarfirði og upplands innan sveitarfélagsmarka og skipulagsuppdráttur dags. 20. janúar 2006 og uppfærður var 20. mars 2006.

Páll Stefánsson, gerði grein fyrir fundi sem boðað var til þann 18. apríl s.l. af Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar vegna yfirstandandi vinnu við deiliskipulag fyrir Undirhlíðar.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri andstöðu sína við lagningu vegar á grannsvæði við Kaldárbotna og felur heilbrigðiseftirlitinu að koma þeirri afstöðu á framfæri við hlutaðeigandi aðila.”

5 Vatnsvernd

5.1 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 6. apríl 2006.

5.2 Landmótun og frágangur efnisnámu.

Lagt fram erindi Þórarins Hjaltasonar, bæjarverkfræðings dags. 20. mars 2006, f.h. tæknideildar Kópavogs varðandi landmótun og frágang efnisnámu við Lækjarbotna. Erindinu var vísað til umsagnar heilbrigðisnefndar Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæðin.

Lögð fram drög að leyfi með vísun til samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla Heilbrigðisnefnd samþykkir framlögð drög að leyfi að fenginni jákvæðri afstöðu heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

5.3 Athafnasvæði fyrir Skotfélag Kópavogs

Lagt fram erindi Birgjis H. Sigurðssonar, skipulagsstjóra, f.h. Kópavogsbæjar, dags. 14. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðstöðu fyrir Skotfélag Kópavogs suður af Fossvallarétt.

Erindinu var vísað til umsagnar heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæðin. Fyrirliggur umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 6. apríl 2006.

Eftirfarandi samþykkt er gerð:

“Heilbrigðisnefnd getur ekki samþykkt að land á vatnsverndarsvæði verði lagt undir skotæfingasvæði þar sem erfitt er að sjá hvernig tryggum mengunarvörnum verði viðkomandi, það myndi skaða varanlega ímynd vatnsverndar á svæðinu og einnig telur nefndin að umrætt svæði henti mjög illa þar sem:

- lektarstuðull jarðlaga er hár,
- svæðið liggur við grunnvatnsstraum í nálægð við vatnsból,
- leysingavatn liggur oft á umræddu svæði,
- yfirborðsvatn berst frá svæðinu til Elliðavatns,
- töluvert menguálag er fyrir á þessum slóðum s.s. frá flugvelli, beitarhólfi, námuvinnslu, landgræðsluverkefnum o.fl.”

6 Loftgæðamælingar 2005

Lagðar fram til kynningar niðurstöður úr mælingum á loftgæðum á Hvaleyrarholti árið 2005. Staðsetning sýnatökustaðar er valin með það í huga að lýsa loftgæðum sem íbúar búa við. Sýnatökur við þungar umferðaðar eða inn í iðnaðarhverfinu sunnan Hafnarfjarðar gætu sýnt lakari loftgæði.

Svifryk: Styrkur svifryks mældist ávallt langt innan viðmiðunarmarkna á árinu 2005 og hæst innan við 20 µg.

Flúor: Um er að ræða sólarhringsgildi. Miklar sveiflur eru í mæligildum milli sólarhringa og ræður væntanlega veðrið þar mestu. Meðaltal flúors í lofti er 0,022 $\mu\text{g í m}^3$ og heildarflúor mælist 0,052 $\mu\text{g í m}^3$. Ekkert íslenskt. reglugerðarákvæði er til um styrk flúors í lofti en mæld gildi teljast lág.

Brennisteinsdíoxíð: Styrkur SO_2 mældist hæst um 10 $\mu\text{g í m}^3$ en var að jafnaði undir 2 $\mu\text{g í m}^3$. Heilsuverndarmörk eru skilgreind við 125 $\mu\text{g í m}^3$ andrúmslofts sem ekki mega mælast oftár en 3 á ári og 50 $\mu\text{g í m}^3$ fyrir gróður með 7 frávikum.

7 Eftirlit með tóbakssölu til unglunga yngri en 18 ára

Farið var að nýju yfir kvartanir sem borist hafa um sölu á tóbaki til unglunga undir 18 ára aldri hjá útsölustöðum í Hafnarfirði. Við könnun fjölskyldusviðs Hafnarfjarðarbæjar fyrir skömmu kom fram að unglungum var selt tóbak hjá 7 útsölustöðum.

Óskað hafði verið eftir skriflegum skýringum forsvarsmanna viðkomandi sölustaða fyrir fundinn.

Lögð fram erindi þriggja útsölustaða tóbaks sem komu að skriflegum skýringum og athugasemdum.

Lagt fram erindi Samtaka atvinnulífsins frá 27. mars 2006 þar sem mótmælt er eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins sem skilin var eftir á vettvangi í söluturninum Jolla þann 16. mars 2006 þegar sinnt var kvörtun vegna meintrar sölu á tóbaki til unglunga undir 18 ára aldri.

Ennfremur lagt fram erindi heilbrigðiseftirlitsins til Samtaka atvinnulífsins, dags. 31. mars 2006 þar sem skýrð var aðkoma heilbrigðiseftirlitsins.

Gestur Pétursson mætti til fundar í upphafi þessa dagsskrárliðar

8 Úrskurður vegna starfsleyfis fyrir álver Alcan á Íslandi

Lagt fram erindi Umhverfisráðuneytisins frá 7. apríl 2006, ásamt úrskurði vegna stjórnarsýslukæru Jakobs R. Möllers, hrl. f.h. Alcan á Íslandi hf., dags. 31. mars 2006 vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar frá 7. nóvember 2005 um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Alcan á Íslandi í Straumsvík.

9 Förgun á úrgangi í hljóðmön

Lagt fram afrit af bréfi til Vegagerðarinnar dags. 4. apríl 2006 varðandi förgun á úrgangi í hljóðmön við Reykjanesbraut.

10 Önnur mál

10.1 Sjálfbær þróun og staðardagskrá 21 í Hafnarfirði

Lagt fram erindi stýrihóps um endurskoðun staðardagskrár 21 í Hafnarfirði dags. 24. apríl 2006. Ákveðið að viðhafa rafræna umfjöllun um erindið næstu daga.

10.2 Hugsanlegur fuglaflensufaraldur

Lagt fram erindi Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, dags. 16. apríl 2006 þar sem lýst er áhyggjum af hugsanlegum fuglaflensufaraldri og óskað er eftir tillögum að umgengisreglum og varúðarráðstöfunum.

10.3 Búfjárhald

Lagðar fram upplýsingar um talningu búfjár 2006 á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði

10.4 Næsti fundur heilbrigðisnefndar

Ákveðið að hafa næsta reglulegan fund nefndarinnar þann 30. maí n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:59

Loftur Þór Pétursson
Andrés Pétursson
Gestur Pétursson

Árni Sverrisson
Richard Hansen
Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson